

1 Málgreind, er hæfileiki til að hafa áhrif með orðum, bæði munnlega og skriflega. Hæfni til að nýta tungumálið í hagnýtum tilgangi.

4 Rök- og stærðfræðigreind er hæfileiki til að nota tölur og hugsan röktrétt. Næmi fyrir orsök og afleiðingu, flokkun, ályktunum og útreikningum.

(Armstrong Thomas. *Fjölgreindir í skólastofunni* 2000:14-15).



Fjölgreindir í leikskólastarfi

Þessum bæklingi er ætlað að kynna lauslega hugmyndafræði fjölgreindanna fyrir foreldrum

Unnið af Björk Óttarsdóttur og Þórunni Óskarsdóttur

Hugmyndasmiður fjölgreindanna



Fjölgreindir byggja á hugmyndafræði Howard Gardner um að hver einstaklingur búi yfir átta greindum sem eru samsettar á einstakan hátt hjá hverjum og einum.

Howard Gardner er prófessor í kennslufræðum við Harvard Graduate School of Education og aðstoðarprófessor í taugafræði við Boston University School of Medicine. Í bók sinni *Frames of Mind* frá 1983 setti Gardner fyrst fram hugmyndir sínar um fjölgreind manna.



Líkams- og hreyfigreind, er færni í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar og leikni til að búa til hluti og nota hluti og áhöld. Hæfni til að beita samhæfingu, fingrafimi, styrk og sveigjanleika.



Tónlistargreind, er hæfileiki til að skynja, meta og skapa tónlist. Næmni fyrir takti, tónhæð og laglínu.



Umhverfisgreind, er hæfni til að greina og flokka fjölda tegunda úr jurta- og dýraríkinu. Að búa yfir þekkingu á náttúrunni og umhverfi manneskjunnar s.s. veðráttu, jarðþekkingu, landslagi, mynstrum náttúrunnar og ræktun hvers konar. Næmi fyrir umhverfishljóðum, snertingu, og sjón og bragði af náttúrunni sjálfri. Fyrir þá sem alast upp í þéttbýli getur umhverfisgreind líka verið hæfileikinn til að greina sundur dauða hluti eins og bíla og íþróttaskó.

Greindirnar átta



Sjálfsþekkingargreind, er sjálfsþekking og hæfni til að lifa og starfa eftir þeirri þekkingu. Skýr sjálfsmýnd, þekkir sinn styrk og sína veikleika og getur áttað sig á eigin hugarástandi og fyrirætlunum.



Samskiptagreind, er hæfileiki til að skilja og greina skap og tilfinningar annarra. Næmni fyrir svipbrigðum, rödd og látbragði og greina vísbendingar í samskiptum.



Rýmisgreind, er hæfileiki til að skynja hið sjónræna og rúmfræðilega umhverfi og hæfileiki til að umskapa þessaskynjun. Einnig næmi fyrir litum, línunum, lögun og formi og tengslum þar á milli. Hæfni til að sjá hluti fyrir sér á myndrænan hátt.

Vísindalegar forsendur fyrir fjö- greindum

1. Hún þarf að eiga sér ákveðna stöð í heilanum. Sýnt hefur verið fram á að hver greind á ákveðinn stað eða svæði í heilanum og að einstaklingar með heilaskaða í viðkomandi stöð sýna skerta getu á því sviði eða í þeirri greind.

2. Hún á að byggja á meðfæddum hæfileikum. Snillingar og bráðger börn sýna snemma hæfileika á ákveðnum sviðum.

3. Hún á að vera með sitt eigið mál. Tákni eða ritmál, tjáningarform eða kerfi sem er sérstakt fyrir þetta ákveðna hæfnissvið t.d. nótur, stærðfræðitákni eða flokkurankerfi efnafræðinnar

4. Það á að vera hægt að þroska hana.

Það á að vera hægt að þroska og bæta meðfædda eiginleika með æfingu og örvun.

5. Hún á að vera með þróunarsögu.

Það á að vera hægt að sjá mismunandi þróunarstig og getu hjá dýrum í formi skipulags og eða hegðunarmynstra eftir hversu þróaður heili dýranna er

6. Hún á að vera óháð. Greind eða hæfileiki á að vera óháður öðrum. Það á að vera hægt að sjá hana í miklu magni hjá sumum en minna magni hjá öðrum.

7. Það á að vera hægt að prófa hana.

Það á að vera hægt að prófa getustig einstaklings í hverri greind eða hæfnissviði fyrir sig.

Lykilatriði fjölgreindanna

Hver einstaklingur býr yfir öllum greindunum. Flestir geta þróað hverja greind á viðhlítandi getustig. Greindirnar starfa saman á flókinn hátt. Það er hægt að vera greindur á mismunandi vegu.



Kennslufræði fjölgreindanna

Miðar að því að styrkja og þroska hinar undirliggjandi sterku greindir á sem víðastan hátt og með því skapa góða sjálfsvitund, sem leiðir af sér bestu möguleikana á að þroska einnig veikari greindir. Örvun á að fara fram í gegnum eins margar greindir og verkefni og hægt er. Við notum sterku greindirnar til að styrkja þær veikari.